



Teikningarnar á sýningunni hér í anddyri Hallgrímskirkju eru upphaflega unnar á 10. áratugnum, en þá var ég í leit að viðfangsefni úr miðaldabókmenntum vegna vinnu við uppdrætti að gluggum í Reykholtskirkju. Leiðin lá þá frá eða samhliða svonefndum leiðslum í þess tíma ritum (einnig eru dæmi um leiðslu í Opinberun Jóhannesar í Nýja testamentinu) að dómsdagsmyndum í hefð kaþólsku kirkjunnar. Samsvörunin er augljós milli ákalls föður til sonar um siðræna innrætingu í máli Sólarljóðanna og andstæðna góðs og ills í dómsdagsmyndum.

Einnig vinn ég með hliðsjón af nokkrum ljóðahendingum úr Sólarljóðum þar sem máttug, náttúruvakin mynd á mörkum lífs og handanveru kallar fram viðbrögð. Náttúrumögn í leiðslu ljóðmælandans hefjast með hinum eiginlegu sólarerindum. Við tekur staðsetning í handanheimi við inngöngu í sviðsmynd dauðans. Maðurinn er þar staddur innan óræðrar og ótryggrar heimsmýndar. Þar umbreytist vakan í hindurvöku en einnig er sem hindurvakan – handanheimurinn – verði sjálf vakan í krafti myndlýsinga ljóðanna.

Myndirnar eru einskona ferlsteikningar. Fyrsti snúningur frá upphaflegri gerð var í upphafi 20. aldar þegar undirbúningur hófst fyrir glervinnu í gluggagerð. Nú hafa þær sömu teikningar enn á ný verið yfirfarnar og þeim breytt með ferli blýlínunnar. Teikning með blýoddinum er lifandi, línan er fyrir vikið áhrifarík – og vandmeðfarin. Ein teikning er lögð ofan á aðra og einskona tímaás myndast þegar hnit teiknínunnar leggjast – lag eftir lag – á þá mynd sem fyrir er og verður þannig til nýr grunnur og ný viðmið skapast.


Valgerður Bergsdóttir

Valgerður Bergsdóttir stundaði nám við raunvísindasvið HÍ, við Myndlista- og handíðaskólann, Statens Kunstakademi í Osló og síðar við hugvísindasvið Háskóla Íslands. Á árunum 1974–2004 kenndi hún í Myndlistaskólanum í Reykjavík, þar af við stjórn í átta ár, og einnig við Myndlista- og handíðaskólann og Listaháskóla Íslands. Hún hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum með teikningum og grafík á grafíksýningum bæði hér á landi og alþjóðlega. Verk hennar eru í eigu safna hér á landi og víðar. Hún hefur unnið til viðurkenninga fyrir grafíkverk, unnið samkeppnir með teikningum í þema/tillögum um gerð glugga í kirkjur og verið tilnefnd til verðlauna. Hún hefur hlotið starfslaun og styrki til sýningahalds og dvalar á vinnustofum og verkstæðum.

Stuðst við útgáfur: Útgáfa og umfjöllun Njörður P. Njarðvík, *Sólarljóð*, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menningarsjóður, Rvk. 1991. Hermann Pálsson, *Sólarljóð og vitranir í annarlega heima*, Þrös, Rvk. 2002. Ensk þýðing: www.voluspa.org/solarljod.htm (sótt 23. janúar 2016).
Tölvuvinna við ljósmyndir á vegg: Björg Vilhjálmisdóttir.
Ljósmyndir/: Stjörnufræðivefurinn, Náttúrufræðistofnun Íslands.
Sýningarumsjón: Rósa Gísladóttir
Grafísk hönnun sýningarskrár: Magnús Valur Pálsson, Prentun: Litróf ehf

VALGERÐUR
BERGSDÓTTIR

VAKA – HINDURVAKA



Fimm erindi úr Sólarljóðum

14. febrúar - 8. maí 2016

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

34. starfsár
listvinafelag.is

Verk á sýningunni:

I Sól 39:
Sól ég sá, sanna dagstjörnu, drúpa dimmheimum (dynheimum) í
(teikning á pappír, 220 x 150 cm, 1992)

II Sól 45:
– því fjalla vötn luktust fyrir mér saman
(teikning á pappír, 220 x 150 cm, 1992 – 2015)

III Sól 46:
Vonar stjarna flaug, – þá var ég fæddur, – burt frá brjósti mér
(teikning á pappír, 170 x 150 cm, 1992 – 2015)

IV Sól 51:
Á norna stóli sat ég níu daga, þaðan var ég á hest hafinn
(teikning á pappír, 170 x 150 cm, 1992 – 2015)

V Sól 56:
Norðan sá ég ríða niðja sonu, og voru sjö saman
(teikning á pappír, 150 x 200 cm, 1999 – 2015)

I Sól 39:

Sól ég sá,
sanna dagstjörnu,
drúpa dimmheimum í.
En heljar grind
heyrðeg annan veg
þjóta þunglega.

II Sól 45:

Sól ég sá
síðan aldregi
eftir þann dapra dag,
því að fjalla vötn
luktust fyrir mér saman,
en ég hvarf kallaður frá kvölum.

III Sól 46:

Vonar stjarna flaug,
– þá var ég fæddur,
– burt frá brjósti mér.
Hátt að hún fló,
hvergi settist,
svo hún mætti hvíld hafa.

IV Sól 51:

Á norna stóli
sat ég níu daga,
þaðan var ég á hest hafinn.
Gýgjar sólir
skinu grimmliga
úr skýdrúpnis skýjum.

V Sól 56:

Norðan sá ég ríða
niðja sonu,
og voru sjö saman.
Hornum fullum
drukku þeir
hinn hreina mjöð
úr brunni baugregins.

Gísli Sigurðsson

Hindurvaka: Yfir mörk lífs og dauða

Sólarljóð eru kristileg leiðsla líkt og Opinberun Jóhannesar í Nýja testamentinu og Gleðileikurinn guðdómlegi eftir Dante. Leiðslur opna brýr yfir í handanheima og inn í framtíðina með spásýn sem birtist dauðlegum manni eða konu í svefni eða vöku fyrir tilstilli einhvers að handan – eða við útisetu eins og völvan fékk að reyna í Völuspá þegar Óðinn kom til hennar, bar á hana gjafir og hún sá fram til ragnaraka.

Í Sólarljóðum vitjar faðir sonar síns og miðlar af reynslu og visku sem hann hefur öðlast við dauðann. Hann gefur ráð um örlæti, heilindi og auðmýkt í hinu jarðneska lífi, og rekur varnaðardæmi af þeim sem blindast hafa af ofmetnaði og sundurlyndi í stað þess að treysta og trúá Guði. Ráðin eru um að sýna tortryggni gagnvart óvinum, af sama toga og í Hávamálum, og ábendingar um að Guð muni refsa fyrir sviksemi. Ekki vill faðirinn að sonurinn bíði þess sem verða vill heldur skuli hann láta til sín taka og sækjast eftir lífsgæðum með góðum hug – án þess að stjórnast af græðgi, því að „margan hefir auður apað.“

Þegar faðirinn hefur staldrað við þessar jarðnesku sorgir minnst hann þess hvernig feigðin kom að sér og dauðinn birtist í sólarlýni. Sjö erindi hefjast á „Sól ég sá...“ uns dró af föðurnum, hann sá sólina ekki lengur og „fjalla vötn luktust fyrir mér saman en eg hvarf kallaður frá kvölum.“ Hann heldur áfram með það sem bar fyrir augu eftir dauðann, á meðan lík hans lá stirt „á strám“. Þá sá hann hvernig menn njóta og gjalda verka sinna í Sigurheimum og Kvölheimum þar sem óheillamenn og féggjarnir ræningjar, guðlausir og mikillátir lygarar og rógberar í bland við sæta syndara líða kvalir. Þeir sem gefið hafa að Guðs lögum, sinnt fátækum, liðið hungur, fætt aðra og látið líf sitt saklausir dvelja í ljósinu. Lokakafli kvæðisins minnst Óðins, haugbúa, rúna og forneskju þar til faðirinn kveður með óskum um að þeir feðgar hittist aftur á „feginsdegi fira. Drottinn minn gefi dauðum ró og hinum líkn er lifa.“

Á magnaðan hátt spenna Sólarljóð saman kynslóðir frá föður til sonar, tilverusvið milli lífs og dauða og tímaskeið frá kristni og langt aftur í heiðna forneskju. Ljóðin tala ekki síður beint inn í samtíma okkar aftan úr hinum kristna miðaldaheimi og eiga enn jafn brýnt erindi og fyrrum um siðbót og viðleitni til að fegra mannlífið með kærleika og góðvild við aðra, óháð trúarbrögðum. Enn er vænlegast að rétta öðrum útrétta hjálparhönd og þó að menn hafi áður tamið sér eigingirni má fara að dæmi þess sem hafði einn setið að sínu og aldrei boðið manni til matar „áður en móður og meginlítill gestur gangandi af götu kom.“ Tímaásinn úr fortíðinni leggst yfir samtímaásinn hverju sinni og í brennipunkti krossins eru skilaboðin um skilyrðislausan náungakærleikann alltaf ný, og ferskt vegarnesti á braut jarðlífsins til móts við sólarljós eilífðarinnar.

Hindurvaka er heiti sem Hermann Pálsson gaf lokabálki Sólarljóða, eftir að faðirinn hefur lýsingu á því sem hann sá eftir dauðann.

Listvinafélag Hallgrímskirkju hefur haldið Sólarljóðum á loft í tengslum við flutning *Óttusöngva á vori* eftir Jón Nordal en söngvarnir voru samdir við textabrot úr Sólarljóðum, latneskum messutexta og Sólhjartarljóðum Matthíasar Johannessen. Tónverkið hefur oft hljómað undir stjórn Harðar Áskelssonar frá því að hann stjórnaði því fyrst í Skálholti árið 1993.